

## Menningarverðlaun Strandabyggðar

1. Menningarverðlaun Strandabyggðar, eru veitt árlega til einstaklings, félags, stofnunar, fyrirtækis eða hóps fyrir eftirtektarvert framtak á sviði lista og menningar í sveitarfélaginu á liðnu ári. Markmiðið með verðlaununum er að vera almenn hvatning til eflingar menningar- og listastarfs í Strandabyggð. Verðlaunin eru afhent við hátíðlega athöfn á 17. júní á Hólmavík ár hvert.
2. Ákvörðun um handhafa verðlaunanna er tekin af Tómstanda-, íþróttá- og menningarmálanefnd Strandabyggðar að fengnum tilnefningum. Auglýst skal eftir tilnefningum frá íbúum Strandabyggðar í maí eða júní ár hvert. Tilnefningum skal komið til Tómstanda-, íþróttá- og menningarmálanefnd í gegnum tölvupóst eða með öðrum leiðum fyrir ákveðin tíma. Nefndin ákveður tímamörk og hvaða leiðir skulu hafðar við að taka á móti tilnefningum. Nefndin er ekki bundin af tilnefningum í ákvörðun sinni um verðlaunahafa.
3. Verðlaunahafi fær afhent viðurkenningarskjal undirritað af Tómstanda-, íþróttá- og menningarmálanefnd, verðlaunagrip og einnig minni verðlaunagrip til minningar um útnefninguna.
4. Veita má fleiri en ein verðlaun hverju sinni, telji Tómstanda-, íþróttá- og menningarmálanefnd að fleiri en einn aðili hafi skarað fram úr og þannig verðskuldað verðlaunin það ár. Nefndin ákveður hvort um tvenn eða fleiri aðalverðlaun er að ræða eða ein aðalverðlaun og ein eða fleiri aukaverðlaun.
5. Tómstanda-, íþróttá- og menningarmálanefnd kemur fréttum um útnefninguna og menningarstarf verðlaunahafans á framfæri í eins mörgum fjölmiðlum og kostur er.

Samþykkt í Tómstanda-, íþróttá- og menningarmálanefnd Strandabyggðar árið 2023